

- 97 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónas-
15. maí dóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra
15. maí 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Málfríðar Jónasdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- safn bóka á blindralettri, er Málfríður Jónasdóttir átti, en foreldrar hennar gáfu Blindrafélaginu eftir andlát hennar;
- eitt þúsund og fimur hundruð krónur — 1500.00 — í peningum, er Blindrafélagið leggur fram;
- aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að hafa borizt þann 20. marz 1943.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að varðveita og auka bókasafn það, er um getur í 2. gr. og geyma það þannig, að allir blindir menn á Íslandi eigi sem greiðastan aðgang að því.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Blindrafélaginu (kosnir árlega á aðalfundi), en leggist það félag niður, skulu landsbókavörður og kennslumálaráðherra tilnefna sinn manninn hvor. Þriðja manninn í stjórnina skipa foreldrar og systkini Málfríðar Jónasdóttur, á meðan þeirra nýtur við, en síðan skal sýslunefnd Suður-Múlasýslu tilnefna mann í stjórnina. — Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um varðveislu eign hans og ávöxtun höfuðstóls, á þann hátt, er hún telur best í samræmi við tilgang sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins, er um getur í 2. gr., má þó aldrei skerða, og enn fremur skal leggja eigi minna en $\frac{1}{3}$ af árlegum vaxtatekjum sjóðsins við höfuðstólinn. Öðrum tekjum, svo sem gjöfum, tillögum stofnana og $\frac{2}{3}$ af vaxtatekjum, er stjórn sjóðsins heimilt að verja til bókasafnsins. En séu þær tekjur ekki notaðar til fulls til þeirra þarfa, skal afgangurinn leggjast við höfuðstólinn um hver áramót.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir opinberlega.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.